

Falskir dómar

Eftir Tómas Ísleifsson

Dómarar Endurupptökudóms höfnuðu í sumar að dómata máli nr. 12/2021. Verkefni þeirra var að úrskurda:

- hvort rétt væri að heimila endurupptöku hestaréttarmáls nr. 610/2007, þar sem Hæstiréttur byggir dóm á tveimur fólkskum heimildum, Jarðatali Johnsens 1847 og Jarðabók Skúla fógeta 1760. Hæstaréttardómararnir höfðu í málsgögnum sem frumheimild Jarðabók 1806, sem sannar að heimildin frá 1847 er fólksk.
- hvort rétt væri að dómata endurupptökubeini, þar sem ein ný heimild, Bændatal 1753, sannar að grundvöllur Hæstaréttar, Jarðabók Skúla 1760, er einnig fólksk heimild.

Hér er sagt að málsbeiðandi, Tómas Ísleifsson, leggur fyrir Endurupptökudóm að dæma honum rétt til að fá hestaréttarmál endurupptekið á þeim forsendum að fullgildir sannanir eru fyrir hendi um að Hæstiréttur byggði dóm á tveimur fólkskum heimildum.

Hvernig vinna dómarar Endurupptökudóms úr því sem er fyrir þá lagt?

a. Dómarar Endurupptökudóms nefna ekki að Hæstiréttur byggði dóm á tveimur fólkskum heimildum. b. Dómarar Endurupptökudóms nefna ekki að dómur Hæstaréttar er afgangur. Frumheimildina, Jarðabók 1806, lagði Tómas í hendur dómara hestaréttarmálsins, en í dómnum vitnar Hæstiréttur í villu Johnsens 1847, sem réttan grundvöll dóms. Því liggur fyrir og er í engu ómælt að dómur Hæstaréttar, byggður á villuheimild, er afgangur, en væri glæpur ef þeir hefðu lesið frumheimildina, Jarðabók 1806.

c. Dómarar Endurupptökudóms úrskurðu að Tómas hafi fyrirgert rétti sínum til endurupptöku á hestaréttarmálinu og vísa máli hans frá dómi. d. Ákvörðun dómara kemur í veg fyrir að nýfundin heimild frá árinu 1753 verði notuð til að hekkja hestaréttardómi, sem er byggður á 2 fólkskum heimildum.

e. Dómarar Endurupptökudóms vitna í 11 málsgreinar laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málsgreinar hafa ákveðið um réttindi og skyldur aðila dómsmáls, þar má nefna:

- 1) að dómur skuli vera endir þrætu.
- 2) að aðili máls leyni ekki gögnum.
- 3) réttur aðila dæmðs dómsmáls til að fá málið endurupptekið.

Málsgreinar laganna takast á um andstæð sjónarmið og er það vel:

- Þótt dómur skuli endir þrætu er lögmætt að sum dæmð máli eru endurupptekin – til þess starfar Endurupptökudómur.
- Sá sem leynt gögnum í dómsmáli getur fyrirgert rétti til endurupptöku á málinu.
- Aðili að dæmdu hestaréttarmáli getur fengið dóm um endurupptöku, hafi hann nýja/nýjar heimildir.

Það er fjótséð að í hestaréttarmálinu nr. 610/2007 var einmitt erfiðleikum háð að afla gagna, en í flestum einkamála er gagnaflutun auðveld.

Flest dómsmál eiga upphaf sitt á undanfandi 10-20 árum fyrir dóm-



Tómas Ísleifsson

töku. Aðilar flestra einkamála geta teygst sig upp í skjalahlúða á eigin skrifstofu og fundi þar öll gögnin. Að svo sé er „bersýnilegt“ svo ég notist við orðaleppa dómaramanna. Í hestaréttarmálinu nr. 610/2007 var Tómas þrautseigur við gagnaflutun áður en hann hóf dómsmál. Hann leitaði einkum í handritum frá síðustu 500 árum og í

» Dómarar Endurupptökudóms misnota dómsvald og hafna dómtöku máls, þótt þeir viti betur, það er verra en afgangur.

Fornbréfasafni. Skráning í skjalasöfnun er bágorin og því var leiðsögn takmörkuð. Þá eru forn handrit oft torlesin. Tómas aflaði flestra málsgagna hestaréttarmálsins og eru gögnin til vitnisburðar að hann var öflugur við gagnaflutun.

Í háfa öld hefur Tómas verið ljóst að dýrleikin í handritinu, uppskriftinni, Jarðabók Skúla 1760, er bull. Allt frá aldamótunum 2000 leit- aði Tómas að frumheimildinni. Hann spurði skjalaverði, lögmenn og sagnfræðinga, en enginn gat svarað honum.

Hvers átti Tómas að leita ef frumheimildin að skráningunni í Jarðabók Skúla 1760 væri hvergi til? Í þeirri stöðu hóf Tómas dómsmálið árið 2006.

Það er fráleitt að dómara Endurupptökudóms bresti dómgreind til að sjá að mál Tómasar er annars eðlis en flest dómsmál. Enginn fær setu í dómi nema hann hafi til að bera vitnisi og þekkingu.

Texti úrskurðarins með tilvísanir í lagagreinar er langur og þvælinn, sem hentar vel til að hlýja vont verk. Dómarar vitna í hestaréttardóm nr. 104/2015 um verksamning frá árinu 2013, sem forðæmi um frávisun. Verksamningurinn og mál Tómasar eiga ekkert sameiginlegt.

Mál Tómasar uppfyllir öll skilyrði laga. Einnig að hann ber fram nýja heimild, sem sagnfræðinga hrindir hestaréttardómnum að fullu. Dómararnir: Aðalsteinn E. Jónsson, Eiríkur Elís Þorláksson og Jóhannes Karl Sveinsson staðhæfa að þeir megri ekki dómata málið. Rökleysa þeirra er augljós:

- Flest dómsmál fjalla um líf aðila máls.
 - Tómas leitaði nafnlausra heimilda þjóðar í myrkviðri fimm alda.
- Dómarar Endurupptökudóms misnota dómsvald og hafna dómtöku máls, þótt þeir viti betur, það er verra en afgangur. Hverjir eru hagsmunir dómaramanna?

Það eru firm að í lögum nr. 91/1991 eru engin ákvæði um rétt málsaðila til endurupptöku, þótt afgangur Hæstaréttar liggir fyrir.

Dómarar Endurupptökudóms vita að varhugavert er að nefna snöru í hengs manns húsi. Þeir nefna aldr- e Jarðabókina 1806 og hvergi þá snöru sem Johnsen óvart lagði fyrir grunnhyggna hestaréttardómara, um dýrleika Ytri-Sólheima árið 1806.

Skoðaðu: www.landskuld.is

Höfundur er líffræðingur. linekra@simnet.is

Tvöfalt heilbrigðiskerfi í boði ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur

Eftir Kristján Guðmundsson og Sigfús Gizurarson



Sigfús Gizurarson



Kristján Guðmundsson

Í aðdraganda kosninga eru línur að skýrast hvað varðar þau mál sem almenn- ingur telur sig mestu varða. Efst á baugu eru heilbrigðismál, en skipulag þeirra er afar mikilvægur málaflokkur sem snertir alla lands- menn með beinum hætti.

Hins vegar eru heilbrigðismál afar flökinn málaflokkur og fjölmíðlar virðast ekki hafa burði til að gefa raunsanna mynd af ástandi heilbrigðiskerfisins, hvað þá að gefa greiningu á undirliggjandi vandamálum. Við þetta bætist að RÚV (Kveikur) hefur í slag- togi við Sjúkrtryggingar Íslands ráðisi í herferð gegn sjálfstætt starfandi læknum og gert starf- semi þeirra torbygglega á afar ómálefnalegan hátt.

Það dylst engum ákefð núverandi ríkisstjórnarflokka við að ríkisvæða heilbrigðisþjónustu í landinu. Myndir er kunnugt eftir kjörtímabilið. Prengt er að starfsemi sjálfstætt starfandi aðila eða hún flutt til opinberra stofnana með valdbóði. Skortur er á undirbúningi fyrir slíkan flutning og stofnanir sem eiga að veita þjónustuna hafa ekki burði til að veita hana. Sérfræðipækkingu sem hefur verið til héraðs er fornað og lífsýni flutt utan til greiningar. Við þetta lengjast biðlistar. Því er ríkisstofnanir eru flinkar í ein- hverju þá er það að búa til og halda utan um biðlista.

Sumt hefur þó tekist vel. Rekstur stórs hluta heilsgæslunnar hefur verið einkavæddur með góð- um árangri og stórbætt þjón- ustu sem þjónustukannanir stað- festa. Einnig hefur kostnaður sjúkljunga með lítil fjárráð verið lækkaður, en til hvers er það ef þjónustan er ekki til staðar, eða langir biðlistar hamlar aðgengi?

Stefnan hefur verið að færa sem flest verk inn á heilsgæslu- stöðvar og Landspítala, sem þar að auki er yfirfullur og annar illa núverandi verkefnum.

Enginn samningur hefur verið í gildi hjá SI við sjálfstætt starfandi sérfræðileika í tæp þrjú ár. Áþekka sögu má segja um ýmsar aðrar sjálfstætt starfandi heil- brigðisstéttir. Ekki hefur verið

samið um löskiptaaðgerðir utan spítala þótt langir biðlistar valdi ómældu tjóni. Hugmyndir um þak í kostnaði ríkisins við veit- ingu þessarar þjónustu veldur því að hamlar þarf aðgengi. Í því ljósi er ljóst að allar þjónustur sem sjúklingar sem leita til sérfræð- inga fá þjónustu bara á fyrri hluta ársins, en hinir fá enga þjónustu! Það eru ekki einungis biðlistar eftir bæklunaraðgerðum heldur fjöldi annarra aðgerða og meðferða innan spítalans. Þeir sem hafa getu og vilja borga fyrir þjónustu án tafar. Þetta er hjóla- tvöfalda kerfi sem ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hefur stofnað til. Til að slá ryki í augu almennings er talað um einka- væðing og einkaspítala, þegar raunin er sú að enginn grundvöllur er fyrir einkaspítala héraðs, og ekki er verið að ræða um ann- an einkarekstur en þekkt innan heilsgæslunnar. Heilbrigð- isráðherra vísar til skýrslu Rík- isendurskoðunar til að skýra samningaleysi við sérfræðinga. Þar er borið við þörf á þaki á kostnaði, en augljóst er að það þýðir líka þak á þjónustu.

Ákvörðun um samninga er pólit- ísk og til þess þarf pólitískan vilja og ekki er hægt að bera fyrir sig álit Ríkisendurskoðunar, þeg- ar ljóst er að ríkisvæðing er það sem þessi ríkisstjórn hefur stefnt að, bæði leynt og ljóst.

Það þykir ekki böllegt að hafa arð af veitingu heilbrigðisþjón- ustu. Þó að mörgum kynni að þykja slíkt aðlaðandi hug- myndafræði, þá er ljóst að hvati af góðum rekstri og afköstum er drifkraftur í rekstri allra fyr- irtækja. Með þessu áframhaldi er ljóst að lyfjainnflutningi, rekstri apóteka og sölu heilbrigðistækja mun komið á hendur ríknu ef óbreytt stefna verður við lýði. Hagsmunir skattgreiðenda eru

» Við skorum á yfir- völd að eyða bið- listum og láta þar ekki úrelta hugmyndafræði ráða för heldur semja við stofnanir og fyrir- tæki sem hafa burði til að veita þjónustu með hagkvæmum og öruggum hætti.

ekki hafðir að leiðarljósi. Telur einhver að hagkvæmara sé að láta ríkisstofnanir vaxa og bólgna út?

Ef mið er tekið af skipulögðu niðurrifi sjálfstæðrar heilbrigð- isþjónustu hlýtur að vera skammt í að tryggjafélag bjóði efnaheimir viðskiptavinum heilsu- fartryggingar til að geta greitt fyrir þjónustu sem ríkið veitir ekki eða veitir eingöngu að und- angenginni eins til tveggja ára bið.

Þótt nærtækt sé að bendla sósíalíska hugmyndafræði vinstri-grænna við þessa þróun er ljóst að allir þrjú stjór- narflokkanir bera ábyrgð á þró- uninni. Kanski hugnast sam- starfsflokkur VG að tryggjafélaginn komist inn á þenna markað, þótt það myndi skada þann samfélagsáttmála sem við höfum búið við.

Við hvetjum til að látið verði af núverandi stefnu og gengið til samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir og sjálfseignar- stofnanir. Við skorum á yfirvöld að eyða biðlistum og láta þar ekki úrelta hugmyndafræði ráða för heldur semja við stofnanir og fyrirtæki sem hafa burði til að veita þjónustu með hagkvæmum og öruggum hætti. Jafnframt gerum við kröfu um efrilíft til að tryggja gæði og að vel sé farið með fjármuni hans opinberra. Þetta á við jafnt hvort sem veit- endur eru einkafyrirtæki eða op- inberar stofnanir. Að öðrum kosti mun heilbrigðisþynging sú sem við fáum fyrir skattfélagi ekki standa undir þörfum okkar og tvöfalda heilbrigðiskerfið mun festast í sessi og raungerast í enn frekari emn orðið er.

Höfundur eru hjartalækur og starfa bæði á opinberum stofnunum og á einkareknum stofnum.

Forn sjómerki fremur en aftökustaðir

Eftir Skúla Magnússon



Skúli Magnússon

Ljósmynd af bryggjuinu utan Hóps í Grindavík, í sevisgötu Tómasar Þorvalds- sonar, sýnir leifar gamals eldgiggis sem sést bera við himin of- an við Selháls og Hagafell. Þar heitir Gálgi. Alkunn sögn segir að ræningjar af Baðsvöllum væru þar líflátnir. Er Gálgin þar talinn aftökustaður. Skýringin leidd af Þjófa- gjá í Þorbirni sem trélega er þó mun eldri sögn en þessi Gálgi. Hann blasir þó við utan af skipsleggunni í sund- inu utan Hóps þar sem skip tóku fisk fyrir 1500 og fluttu til Bergen eða

Þýskalands. Að sigl- ingar væru komnar til Grindavíkur um 1300 er þó hugsanlegt.

Gálgaöfn eru víða í sjónmáli frá sjó og mín tilgáta sú að þau hafi fremur verið sjómerki en aftökustaðir en merking þeirra brenglast eftir að siglingar lögðust niður á gamlar hafnir eða breyttust með einokun Dana. Dæmi um staði þar sem

örnefnið er að finna: Bäsendar, Kópa í Innri-Njarðvík en til er ljós- mynd af þilskipi á Kópum. Kópa er gömul lega Þjóðverja ásamt Vatns- nesi. Við Keflavík, Bergvík í Leiru, Hafnarfjörður, Bessastaðir, Straumfjörður, Kolkuós, Hvítá í

» Gálgaöfn eru víða í sjónmáli frá sjó og mín tilgáta sú að þau hafi fremur verið sjó- merki en aftökustaðir en merking þeirra brenglast í tímans rás.

Borgarfirði. Inni í landi má finna Gálga sem aftökustaði en mun færri til við sjó. Er siglingar hættu til Grænlands týndu og breyttust Gálgaöfnin við sjó er uppruni þeirra týndist alþjóð, sem þekkti að- eins hengjargálga eftir komu ein- okunar.

Höfundur er sagnfræðingur.

Allt um sjávarútveg
mbl.is